



Í fréttum er þetta helst

Táknmálsfréttir í nútímasamfélagi

Guðrún Nanný Vilbergsdóttir

Sigrún B. Jónsdóttir

Lokaverkefni til B.A.-prófs

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Í fréttum er þetta helst

Táknmálsfréttir í nútímasamfélagi

Guðrún Nanný Vilbergsdóttir

Sigrún B. Jónsdóttir

Lokaverkefni til B.A.-prófs í þroskaþjálfafraeði

Leiðsögukenndari: Kristín Björnsdóttir

Ípróttu-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2013

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.A.-prófs í
þroskaþjálfarafræði. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema
með leyfi höfundar.

© Guðrún Nanný Vilbergsdóttir og Sigrún B. Jónsdóttir 2013

Prentun: Bóksala kennaranema
Reykjavík, 2013

Ágrip

Táknmálsfréttir hafa verið sýndar frá árinu 1980 en þær eru sérúrræði fyrir heyrnarlaust fólk, tíu mínútna langir sjónvarpsfréttapættir á táknmáli sem sendir eru út daglega af Ríkisútvarpinu. Ríkisútvarpið er eina íslenska fréttaveitan sem býður upp á sjónvarpsfréttir ætlaðar heyrnarlausum. Rannsóknarskýrsla þessi er 10 eininga verkefni til BA-prófs við þroskaþjálfabraut Háskóla Íslands. Í skýrslunni er greint frá niðurstöðum könnunar sem gerð var um stöðu táknmálsfrétta í nútímasamfélagi. Um er að ræða spurningalistakönnun sem send var til meðlima Félags heyrnarlausra í gegnum tölvupóst og voru svarendur 37 talsins. Til að fá betri innsýn í efnið var einnig stuðst við aðrar rannsóknaraðferðir sem voru þátttökuathugun, símaviðtal og innihaldsgreining. Helstu niðurstöður benda til þess að meirihluti heyrnarlausra vilji texta við almennar fréttir í stað táknmálsfrétta. Niðurstöður benda þó einnig til þess að hluti heyrnarlausra búi yfir slökum lesskilningi og myndi þar af leiðandi ekki njóta góðs af texta við almennar fréttir. Táknmálsfréttir eru því mikilvægur þáttur í þjónustu við þann hóp.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Efnisyfirlit	4
Myndaskrá	5
Töfluskrá	5
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Fræðilegur bakgrunnur	9
2.1 Menntun heyrnarlausra	11
2.2 Viðurkenning táknafræðis sem móðurmál heyrnarlausra	13
2.3 Tæknimál og aðgengi að sjónvarpsefni	14
2.4 Lagalegur grunnur	16
3 Framkvæmd og aðferðir	18
3.1 Blandaðar rannsóknaraðferðir	18
3.2 Spurningalistakönnun	19
3.3 Lýsandi tölfræði og úrvinnsla gagna	20
3.4 Innihaldsgreining	21
3.5 Þátttökuathugun	21
3.6 Símafræði	22
4 Niðurstöður	23
4.1 Áhorf og ánægja	23
4.2 Texti eða túlkun	26
4.3 Samanburður táknafræðisfréttanna og almennra fréttanna	28
5 Samantekt og umræður	31
6 Heimildir	34

Myndaskrá

Mynd 1: Tíðni áhorfs á táknmálsfréttir	23
Mynd 2: Ánægja með lengd táknmálsfrétta	24
Mynd 3: Ánægja með skort á myndefni í táknmálsfréttum	25
Mynd 4: Ánægja með magn upplýsinga í táknmálsfréttum	25
Mynd 5: Ánægja með yfirgrip táknmálsfrétta	26
Mynd 6: Vilji til að láta texta eða túlka almennan fréttatíma í stað táknmálsfrétta.....	27
Mynd 7: Vilji til að láta texta eða túlka Kastljós	28
Mynd 8: Magn fréttu í almennum fréttum og táknmálsfréttum.....	29
Mynd 9: Yfirgrip og innihald almennra fréttu og táknmálsfrétta	29

Töfluskrá

Tafla 1: Upplýsingar um svarendur	20
---	----

Formáli

Skýrsla þessi, sem er lokaverkefni til B.A.-prófs í þroskaþjálfarafræðum við Háskóla Íslands, fjallar um stöðu tákn málsfrétta í nútímasamfélagi. Það sem vakti áhuga okkar á viðfangsefninu er annars vegar sú stefna í málefnum fatlaðs fólks að fækka sérúrræðum og leitast þess í stað við að gera almenna þjónustu aðgengilega þessum hópi. Hins vegar, og ekki síður, var það reynsla og réttindabarátta heyrnarlauss samnemanda okkar, Huldu M. Halldórsdóttur, sem við urðum vitni að á námstímanum. Það er okkar reynsla að aðgengi að fréttæfni er nauðsynlegt svo hægt sé að fylgjast með framgangi í málaflokki fatlaðs fólks og þar með þroskaþjálfara. Því til stuðnings má nefna að einstaka sinnum voru nemendur hvattir til að fylgjast með ákveðnum fréttaskýringaþáttum þar sem málefni þar að lútandi voru tekin fyrir. Vegna skorts á túlkun eða textun við fréttæfni og fréttaskýringaþætti hafði Hulda ekki annarra kosta völu en að standa utan við umræðurnar. Þetta opnaði augu okkar enn frekar fyrir þeirri mismunun sem heyrnarlausir búa við þegar kemur að aðgengi að íslensku sjónvarpsefni. Við viljum þakka Huldu fyrir þær samræður og ábendingar sem hún veitti okkur í tengslum við verkefnið.

Við framkvæmd spurningalistakönnunar nutum við dyggs stuðnings Félags heyrnarlausra. Færum við félaginu, sem og þátttakendum könnunarinnar, okkar bestu þakkir fyrir ómetanlegt framlag. Elsa G. Björnsdóttir fær að auki þakkir fyrir veitta aðstoð. Hauki Vilhjálmssyni, tákn málsfréttamanni, þökkum við auðsýndan áhuga og aðstoð við upplýsingaöflun. Heiðdís N. Hansdóttir veitti aðstoð við yfirlestur verkefnisins sem við metum mikils. Mökum okkar, þeim Aðalsteini Atla Guðmundssyni og Baldri Thorlacius þökkum við fyrir þann stuðning, hvatningu og þolinmæði sem þeir sýndu á meðan á verkefnavinnu stóð. Síðast en ekki síst viljum við koma á framfæri þakklæti til leiðbeinanda okkar, Kristínar Björnsdóttur, fyrir góða og tryggja leiðsögn. Samstafið við hana gerði ferlið skemmtilegt og áhugavert.

1 Inngangur

Ríkisútvarpið hóf sjónvarpsútsendingar á táknmálsfréttum árið 1980 en fyrir þann tíma hafði heyrnarlaust fólk afar takmarkaðan aðgang að fréttaeefni í sjónvarpi. Þessar útsendingar hafa haldist fram til dagsins í dag en Ríkisútvarpið er eina íslenska sjónvarpsstöðin sem sendir út fréttir fyrir þennan hóp. Táknmálsfréttir eru tíu mínútna langar en almennur fréttatími spannar þrjátíu mínútur og því ekki hægt að segja að heyrnarlausir hafi jafnan aðgang að fréttaeefni og heyrandi.

Samkvæmt hinu félagslega sjónarhorni á fötlun, sem er ríkjandi innan fötlunarfræðinnar, á að leitast við að veita fötluðu fólki jafnan aðgang að samfélaginu á við ófatlað fólk (Rannveig Traustadóttir, 2003). Í því felst meðal annars að fækka sérúrræðum og stuðla þess í stað að því að gera almenna þjónustu einnig aðgengilega fötluðu fólki eins og kveðið er á um í 9. gr. *Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* (Sameinuðu þjóðirnar, 2007). Ísland hefur, með undirritun samningsins árið 2007, skuldbundið sig til að haga lögum og reglugerðum í samræmi við hann (Velferðarráðuneytið 2010). Því þótti höfundum áhugavert að skoða stöðu táknmálsfrétta í nútímasamfélagi með þessa stefnu í málefnum fatlaðs fólks í huga og velta fyrir sér hvort tímabært sé að aðlaga almennan sjónvarpsfréttatíma að þörfum heyrnarlausra með texta eða túlkun.

Höfundar munu leitast við að svara spurningunni: *Hver er staða táknmálsfrétta í nútímasamfélagi?*

Til að komast að niðurstöðu verða íslenskar rannsóknir sem snúa að málefnum heyrnarlausra skoðaðar og farið yfir sögu menntunar. Stiklað verður á stóru í umfjöllun um baráttuna fyrir viðurkenningu táknmáls og stöðu þess í samfélaginu. Þá verður saga tæknimála og aðgengis að sjónvarpsefni reifuð ásamt þeim lagalega grunni sem liggur að baki rétti heyrnarlausra til aðgengis að samfélaginu án aðgreiningar. Til að fá fram sjónarhorn heyrnarlausra var ákveðið að kanna ánægju þeirra með hina ýmsu þætti táknmálsfrétta ásamt því að athuga hvort vilji til þess að fá túlkun eða texta við almennan fréttatíma í stað táknmálsfrétta væri fyrir hendi. Það var gert með spurningalistakönnun sem send var á meðlimi Félags heyrnarlausra í gegnum tölvupóst. Einnig var notast við innihaldsgreiningu, símaviðtal og þátttökuathugun. Niðurstöður verða að lokum kynntar og ræddar í umræðukafla.

Höfundar vonast til að verkefnið gagnist samfélagi heyrnarlausra og baráttu þess fyrir bættu aðgengi að samfélaginu með því að koma skoðunum heyrnarlausra á

táknmálsfréttum á framfæri. Einnig gætu niðurstöður spurningalistakönnunarinnar verið leiðbeinandi fyrir sjónvarpsstöðvar sem vilja koma betur til móts við þarfir og óskir heyrnarlausra. Takmarkanir verkefnisins felast í formi könnunarinnar en líklegt er að aðeins þeir sem eru vel læsir hafi svarað könnuninni og óskir og þarfir þeirra sem hafa minni lesskilning hafi því ekki komið fram.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofuninni (*e. World Health Organization*) á heyrnarleysi við um einstaklinga sem heyra að meðaltali verr en 81dB og geta því ekki heyrt raddmál. Heyrnarskerðing nær yfir þá sem geta heyrt allt að 26 dB og geta heyrt, misvel, með aðstoð heyrnartækja (WHO, 2013). Algengt er að heyrnarlaust fólk telji sig ekki tilheyra hópi fatlaðs fólks heldur sér minnihlutahópi, svokölluðu Döff samfélagi en Döff nær yfir þá einstaklinga sem eiga táknmál að móðurmáli (Valgerður Stefánsdóttir, 2005). Í þessu verkefni er hins vegar fjallað um allt heyrnarlaust eða heyrnarskert fólk sem styðst við táknmál, hvort sem það líti á það sem sitt fyrsta eða annað mál. Þess vegna verður hér notast við orðið *heyrnarlausir*. Eflaust eru einhverjir andvígir því að hlutgera heyrnarlaust fólk í skerðingu þess en ákveðið var að ganga inn í þá orðræðu sem hefur verið notuð um þennan hóp í opinberri umræðu.

Í fyrsta kafla verður farið yfir fræðilegan bakgrunn þar sem fjallað verður um íslenskar rannsóknir sem gerðar hafa verið í tengslum við málefni heyrnarlausra, menntunarsögu heyrnarlausra, aðdraganda að viðurkenningu táknmáls sem móðurmáls, tæknimál og aðgengi að sjónvarpsefni og lagalegan grunn. Annar kafli snýr að framkvæmd og aðferðum sem notaðar voru við öflun rannsóknargagna. Í þriðja kafla verða niðurstöður spurningalistakönnunar kynntar. Í fjórða kafla er efnið dregið saman og rætt.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Hér verður fjallað um þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi og snúa að málefnum heyrnarlausra. Þá verður saga menntunar heyrnarlausra reifuð í því skyni að varpa ljósi á stöðu þeirra og aðgengi að íslensku samfélagi í gegnum tíðina. Komið verður inn á áhrif tækniþróunar á samskipti og aðgengi að samfélagsmiðlum auk þess sem fjallað verður um baráttu heyrnarlausra fyrir viðurkenningu táknmáls sem þeirra móðurmáls. Að lokum verður fjallað um þau lög, reglugerðir og sáttmála sem lúta að málefnum heyrnarlausra með tilliti til aðgengis þeirra að íslensku samfélagi og samfélagsmiðlum.

Í verkefninu er lögð sérstök áhersla á táknmálsfréttir og stöðu þeirra í íslensku nútímasamfélagi. Táknmálsfréttir eru tíu mínútna fréttatími sem fer fram á táknmáli og eru á dagskrá á hverjum degi fyrir almennan fréttatíma. Samkvæmt *Samningi Sameinuðu þjóðanna um rétt fatlaðs fólks* á að tryggja heyrnarlausu fólki jafnan aðgang að upplýsingum og samskiptum (Sameinuðu þjóðirnar, 2007). Í lögum um íslenska tungu og íslenskt táknmál nr. 61/2011 segir í 3.gr að íslenskt táknmál sé fyrsta mál heyrnarlausra Íslendinga og samkvæmt 13. gr. sömu laga er táknmál jafnrétt hátt íslensku. Íslenskar rannsóknir

Í gegnum tíðina hefur heyrnarlaust fólk staðið höllum fæti í samfélaginu. Heyrnarlausir hafa þurft að berjast fyrir ýmsum sjálfsögðum réttindum eins og að fá aðgengi að framhaldsnámi eftir grunnskóla og að mega aka bíl. Einnig hafa þeir þurft að berjast fyrir því að fá að nota táknmál. Misvel hefur verið staðið að menntun heyrnarlausra. Stefnur og straumar í kennsluaðferðum hafa tekið reglulegum breytingum í gegnum tíðina en fram til ársins 1980 var lögð áhersla á að heyrnarlaus börn lærðu talmál og varalestur í skóla í stað þess að nota táknmál. Á tímabili var gengið svo langt að beita líkamlegum refsingum ef börn notuðu táknmál í skólanum. Á síðustu áratugum hefur margt breyst til batnaðar í málefnum heyrnarlausra. Sem dæmi má nefna að ekki er lengur til sérskóli fyrir heyrnarlaus börn ólíkt því sem áður var þegar þau stunduðu nám í sérskólum á heimavist (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010). Einnig hefur heyrnarlaust fólk nú sama rétt til náms og heyrandi fólk á öllum skólastigum en samkvæmt 7. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 eiga öll almenn lög einnig við um fatlað fólk og þar með á fatlað fólk sama rétt og ófatlað til menntunar. Framfarir í tækniþróun hafa greitt fyrir aðgengi heyrnarlausra að samfélaginu og auðveldað samskipti þeirra og ber þar helst að nefna smáskilaboð með farsímum og samskiptasíður og fréttamiðla á Internetinu.

Rannsóknir á málefnum heyrnarlausra á Íslandi eru takmarkaðar. Má þó nefna að rannsóknir hafa verið gerðar til að mynda á íslensku táknmáli (Rannveig Sverrisdóttir, 2000), á lesskilningi heyrnarlausra barna og unglunga (Anh-Dao Tran, Jóhanna Á. Þorvaldsdóttir, Kristjana M. Sigurðardóttir, 1993) og um aðlögun heyrandi kennara að námsþörfum heyrnarlausra nemenda (Karen Rut Gísladóttir, 2011). Áðurnefnd rannsókn á lesskilningi náði til heyrnarlausra barna og unglunga á aldrinum átta til átján ára og benti meðal annars til þess að yfirgnæfandi meirihluti þeirra hafði minni lesskilning en heyrandi jafnaldrar (Anh-Dao Tran, Jóhanna Á. Þorvaldsdóttir, Kristjana M. Sigurðardóttir, 1993). Rannsókn Karenar Rutar (2011) leiddi meðal annars til þeirrar ályktunar að nýta ætti þann þekkingargrunn sem heyrnarlaus börn hafa nú þegar, viðurkenna sérstöðu þeirra og menningu og byggja kennslu þeirra á grunni táknmáls.

Þrjár athuganir á málefnum heyrnarlausra hafa verið gerðar á vegum félagsmálaráðuneytisins. Tvær þeirra fjalla um félagslega stöðu heyrnarlausra og voru gerðar árin 1988 og 2004. Sú þriðja var gerð árið 2010 og fjallar um stöðu heyrnarlausra innflytjenda á Íslandi (Guðmundur Ævar Oddsson og Hekla Gunnarsdóttir, 2004; Kristinn Jón Bjarnason, 2010).

Athuginin sem gerð var á félagslegri stöðu heyrnarlausra árið 2004 leiddi meðal annars í ljós að þrátt fyrir aukin samskipti við heyrandi samfélag standi heyrnarlaust fólk enn höllum fæti í samfélaginu þegar kemur að menntun og launakjörum og búi við nokkra félagslega einangrun. Barneignir meðal heyrnarlausra höfðu aukist og fleiri heyrnarlausir áttu bæði heyrnarskerta og heyrandi vini árið 2004 en 1988. Það sem ekki hafði breyst á þeim tíma sem leið á milli rannsókna var að stór hluti heyrnarlausra búa einir og eru einhleypir. Á þetta sérstaklega við um heyrnarlausa karlmenn sem taldir eru hvað mest félagslega einangraðir. Þá sýndi rannsóknin frá 2004 að helmingur svarenda fyndi stundum fyrir einmanaleika og að skortur á túlkþjónustu er mikið vandamál hér á landi. Sér kafli var í rannsókninni um fjölmiðlanotkun heyrnarlausra og verður vikið nánar að honum hér á eftir. Auk þessara rannsókna hefur nefnd um vist- og meðferðarheimili gefið út skýrslu um könnun sem meðal annars var gerð á starfsemi Heyrnleysingjaskólans (Róbert R. Spanó, Jón Friðrik Sigurðsson, Ragnhildur Bjarnadóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 2009).

Árný Guðmundsdóttir (2012) beindi sjónum sínum að starfandi táknmálstúlkum og hvað notendur þjónustu þeirra telji að einkenni góðan táknmálstúlk. Hjá henni kemur meðal annars fram að heyrnarlausir þátttakendur töldu mikilvægt að túlkar tækju þátt í samfélagi heyrnarlausra sem þátt í að viðurkenna menningu þeirra. Einnig kom fram að þótt algengt sé að heyrnarlaust fólk vilji aðgreina sig frá fötluðu fólki og telji sig tilheyra

minnihlutahópi, hafi það sömu sýn á samfélagslega stöðu sína og fatlað fólk. Því geti heyrnarlaust og fatlað fólk barist sameiginlega fyrir réttindum sínum.

Valgerður Stefánsdóttir (2005) einblínir í rannsókn sinni á samskipti milli táknmálstalandi og íslenskutalandi fólks. Á meðal þess sem rannsókn hennar leiddi í ljós var að minni virðing er borin fyrir táknmáli heldur en íslensku sem þátttakendur töldu að hefði neikvæð áhrif á sjálfsmynd heyrnarlausra því táknmál og heyrnarleysi væri hluti af persónu þeirra og sjálfsmynd. Til þess að heyrnarlaust fólk geti tekið þátt í samfélaginu og notið jafnréttis á við heyrandi fólk þurfi því að styrkja stöðu táknmálsins á öllum sviðum samfélagsins, ekki síst í skólakerfinu. Guðbjörg Ragnarsdóttir (2009) fjallar í rannsókn sinni um upplifun ólíkra hópa á blöndun heyrnarlausra og heyrandi nemenda þegar Hlíðaskóli og Vesturhlíðaskóli, sem var skóli heyrnarlausra, voru sameinaðir. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu meðal annars til þess að sameining skólanna hafi ekki orðið til þess að rjúfa félagslega einangrun heyrnarlausra nemenda. Mat Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands á sameiningu Vesturhlíðaskóla og Hlíðaskóla leiddi hið sama í ljós, það er að bæta þurfi félagslega stöðu heyrnarlausra nemenda (Ingibjörg H. Harðardóttir og Jóhanna Karlsdóttir, 2005).

Ein athugun hefur verið gerð sem tengist efni þessarar rannsóknar á beinan hátt en það er fyrrnefnd athugun á vegum Félagsmálaráðuneytisins frá árinu 2004 á félagslegri stöðu heyrnarlausra. Þar var fjölmiðlanotkun heyrnarlausra sérstaklega rannsökuð og þar með áhorf á táknmálsfréttir. Niðurstöður sýndu meðal annars að 83% svarenda sögðust horfa á táknmálsfréttir. Af þeim horfðu 68% daglega eða nokkrum sinnum í viku á táknmálsfréttir (Guðmundur Ævar Oddsson og Hekla Gunnarsdóttir, 2004).

2.1 Menntun heyrnarlausra

Þróun í kennslu heyrnarlausra barna á Íslandi hefur verið mikil frá því hún hófst fyrst árið 1868. Fyrir þann tíma voru íslensk heyrnalaus börn send til Danmerkur til náms (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010) en Danmörk var fyrsta landið í heiminum sem kom á skólaskyldu heyrnalausra barna árið 1817 (Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson, 1989). Skólaskyldu heyrnarlausra barna á Íslandi var komið á árið 1872 (Þorsteinn Sigurðsson, 1993), þrjátíu og fimm árum áður en almennri skólaskyldu var komið á með lögum um fræðslu barna nr. 59/1907.

Það sem helst hefur einkennt kennslu heyrnarlausra í gegnum tíðina er að hún hefur farið fram í heimavistar- og sérskólum ætluðum heyrnarlausum en um tíma stunduðu blind og þroskaskert börn einnig nám við hlið þeirra heyrnarlausu. Þá einkenndist kennslan af talsmálsstefnu sem hófst með svokölluðu „munn-handar-kerfi“ sem tekið var upp árið 1922 og var blanda af tal- og táknmálsstefnu. Samkvæmt því var lögð áhersla á

að kenna börnum talmál en að þau hljóð sem erfiðast væri að lesa af vörum væru táknuð. Þegar Brandur Jónsson tók við stjórn Málleysingjaskólans árið 1944 var talmálsstefna svo tekin upp að fullu og blátt bann lagt við notkun táknmáls innan skólans og foreldrar hvattir til að nota ekki táknmál í samskiptum við heyrnarlaus börn sín (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010; Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson, 1989).

Það var rétt fyrir árið 1970 sem deilur um það hvort heyrnarlaus börn ættu að ganga í sérskóla eða almennan grunnskóla byrjaði hér á landi. Brandur Jónsson var einn þeirra sem lagðist gegn hugmyndinni um að heyrnarlaus börn gengju í almennan skóla. Taldi hann að þau myndu ýmist einangrast innan skólans eða læra að bjarga sér með merkjamáli sem kæmi þeim ekki að gagni að skólagöngu lokinni (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010). Skipuð var sérstök nefnd sem átti að komast að niðurstöðu um hvort sérskólar eða almennir skólar hentuðu heyrnarlausum börnum betur. Varð niðurstaða nefndarinnar sú að sérskólar væru nauðsynlegir heyrnarlausum börnum en heyrnarskert börn sem gætu notið kennslu í almennum skólum ættu að hafa tækifæri til þess (Róbert R. Spanó o.fl., 2009). Árið 1971, í kjölfar niðurstöðunnar, varð breyting á lögum um sérkennslu fyrir heyrnarlausum, sem þá höfðu verið í gildi í tæpa öld. Eftir lagabreytinguna gafst heyrnarlausum ungmennum í fyrsta sinn kostur á að sækja framhaldsnám þegar sérstök framhaldsdeild var stofnuð við Heyrnleysingjaskólann (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010).

Nemendur Heyrnleysingjaskólans gerðu uppreisn gegn talmálsstefnu skólans skólaárið 1978-1979. Mótmælin skiluðu einhverjum árangri því þegar Brandur Jónsson lét af störfum við Heyrnleysingjaskólann árið 1981 var táknmál notað í miklum mæli við kennslu. Guðlaug Snorradóttir tók við af Brandi og innleiddi stefnuna „alhliða boðskipti“. Þar með var táknmál ekki lengur bannað en stefnan snérist um að nota öll möguleg úrræði til samskipta (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010).

Fyrsti heyrnarlausni nemandinn við Menntaskólann við Hamrahlíð sótti um skólavist árið 1991. Honum var vel tekið og skólinn réði táknmálstúlk til starfa. Þetta varð til þess að enn fleiri heyrnarlausir sóttu um nám við skólann. Varð því úr að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra vann námsefni sérstaklega fyrir Menntaskólann við Hamrahlíð en Samskiptamiðstöð starfar í þágu táknmálssamfélagsins, til dæmis með því að stunda rannsóknarvinnu, hanna kennsluefni og veita túlkapjónustu (Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, e.d.). Árið 1993 hófst kennsla í íslensku táknmáli og var það í fyrsta skipti sem heyrnarlaus ungmenni fengu skipulagða kennslu á sínu móðurmáli í framhaldsskóla. Tveimur árum síðar var stofnuð ný námsbraut fyrir heyrnarlausum og heyrnarskerta í Menntasólanum við Hamrahlíð. Þar var litið svo á að táknmál væri móðurmál heyrnarlausra og íslenska kennd sem annað tungumál (Kristín Marja Baldursdóttir, 1995; Reynir Berg Þorvaldsson, 2010). Var heyrnarlausum þar með loks

tryggður sá réttur sem lögbundinn var í 16. grein laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 en þar segir að þeir sem lokið hafa grunnskólaprófi hafi rétt til að sækja framhaldsskóla.

Árið 1995 stóð Gunnar Salvarsson fyrir því að nafni Heyrnleysingjaskólans var breytt í Vesturhlíðaskóli og árið 2002 var hann sameinaður Hlíðaskóla. Við sameiningu hélt skólinn nafninu Hlíðaskóli en eftir sameininguna hefur ekki verið til sérskóli fyrir heyrnarlaus börn (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010). Nú er við lýði svokölluð „tvítyngisstefna“ í kennslu heyrnarlausra barna í Hlíðaskóla þar sem táknmáli og íslensku er gert jafn hátt undir höfði og miðar að því að börnin nái valdi á báðum tungumálum (Hlíðaskóli, 2010).

2.2 Viðurkenning táknmáls sem móðurmál heyrnarlausra

Að fá táknmál viðurkennt sem móðurmál var lengi eitt af helstu baráttumálum heyrnarlausra. Eins og saga menntunarmála heyrnarlausra gefur til kynna hefur heyrandi fólki ekki alltaf þótt táknmál ákjósanlegur tjáningarmáti og hefur heyrnarlaust fólk þurft að berjast fyrir því að fá að nota táknmál innan skólakerfisins. Eins og áður hefur komið fram hafa íslenskar rannsóknir bent til þess að efla þurfi táknmál á öllum sviðum samfélagsins því á sama tíma og það nýtur ekki jafn mikillar virðingar og íslenska er það órjúfanlegur hluti af persónu heyrnarlausra. Skortur á þekkingu og virðingu fyrir táknmáli getur því haft slæm áhrif þar á (Valgerður Stefánsdóttir, 2005; Guðbjörg Ragnarsdóttir, 2009).

Í lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 er í 20. gr. kveðið á um að nemendur sem hafa annað mál en íslensku fyrir móðurmál eigi rétt á sérstakri íslenskukennslu og eru heyrnarlausir nemendur nefndir sérstaklega í því skyni. Þetta þótti ákveðið skref í átt að viðurkenningu táknmáls. Í framhaldi af þessari lagasetningu skoraði Þórhildur Línadal, umboðsmaður barna, á menntamálaráðherra að viðurkenna táknmál sem móðurmál grunn- og leikskólabarna, en ekkert sambærilegt ákvæði var í lögum um þau skólastig (Umboðsmaður barna, 1997). Sama ár, 1996, var lögð fram þingsályktunartillaga um táknmál sem móðurmál heyrnarlausra (Þingskjal 574, 1996-1997.)

Félag heyrnarlausra lagði fram ákæru á hendur Ríkisútvarpinu árið 1999 fyrir að neita að túlka á táknmáli framboðsumræður fyrir komandi Alþingiskosningar sem senda átti út í sjónvarpinu. Málið fór fyrir Hæstarétt sem dæmdi Félagi heyrnarlausra í vil. Samkvæmt dómnum nr. 151/1999 í máli Félags heyrnarlausra gegn Ríkisútvarpinu var á meðal raka stefnanda að íslenska væri ekki móðurmál heyrnarlausra og því hefðu þeir ekki jafnan aðgang að framboðskynningunni og aðrir þjóðfélagsþegnar sem hafa íslensku sem móðurmál. Segja má að sigur málsins hafi því falið í sér vissa viðurkenningu á því að táknmál væri móðurmál heyrnarlausra.

Árið 2003 var fyrsta frumvarp til laga um íslenskt táknmál sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra lagt fram (Þingskjal 499, 2003-2004). Málinu var vísað til menntamálanefndar en aldrei afgreitt úr nefnd. Var frumvarpið lagt fram aftur árið 2007 (Þingskjal 12, 2007-2008.) en var heldur ekki afgreitt úr nefnd. Frumvarpið var svo lagt fram í þriðja sinn snemma árs 2011 (Þingskjal 870, 2010-2011). Sem fyrr var málinu vísað til menntamálanefndar sem gerði breytingartillögur og hlaut frumvarpið einróma samþykki í atkvæðagreiðslu á Alþingi. Í júní 2011 tóku svo lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011 gildi og þar með varð táknmál móðurmál heyrnarlausra samkvæmt lögum eins og segir í 3.gr. þeirra.

2.3 Tæknimál og aðgengi að sjónvarpsefni

Ör þróun hefur átt sér stað í tæknimálum síðustu áratugi og hefur hún haft jákvæð áhrif á aðgengi heyrnarlausra að samfélaginu. Fyrsta tækið sem kom fram á sjónarsviðið og nýttist heyrnarlausum í samskiptum var textasími sem tekinn var í notkun 1991. Tilgangur hans var að gera heyrnarlausum kleift að hafa samband við neyðar- og öryggisþjónustu. Síðan þá hefur notkun hans dalað jafnt og þétt vegna tilkomu annarra og þróaðri tækninýjunga. Má þar nefna farsíma með möguleika á smáskilaboðum, myndsíma, útbreiðslu Internetsins og þeirra samskipta- og upplýsingamiðla sem hægt er að nálgast í gegnum það. Þessi tækni er heyrnarlausum mikilvæg og hafa smáskilaboð og samskiptaforrit eins og MSN verið mikið notuð af þeim (Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, 2004). Þá eru forrit eins og Skype og samskiptasíður á borð við Facebook góðir kostir til samskipta en bæði bjóða þau upp á að fólk geti talað saman í gegnum mynd og texta.

Þegar kemur að fréttæfni hefur Internetið greitt talsvert fyrir aðgengi heyrnarlausra. Hægt er að lesa fréttir á heimasíðum fréttamiðla og horfa á táknafréttatíma aftur í tímann. Einnig hefur Táknsmiðjan sent út Döff fréttir, sem eru fréttir á táknafréttatíma, á vef sínum frá árinu 2009 en útsendingarnar urðu þó ekki reglulegar fyrr en í janúar 2013 (Haukur Vilhjálmsson tölvupóstur, 9. apríl 2013). Hvað sjónvarpsútsendingar á innlendu sjónvarps- og fréttæfni varðar hefur þróunin í aðgengismálum verið hægari. Frá fyrstu sjónvarpsútsendingum ríkisútvarpsins árið 1966 hefur miðlun sjónvarpsefnis til heyrnarlausra verið umhugsunarefni. Félag heyrnarlausra óskaði eftir því að allt íslenskt efni yrði textað og að afnotagjöld heyrnarlausra einstaklinga sem bjuggu einir yrði felld niður. Ekki var unnt að verða við fyrri óskinni vegna tækniörðugleika en síðari óskin var samþykkt (Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson, 1989).

Í gegnum tíðina hafa verið gerðar tilraunir til að bæta aðgengi heyrnarlausra að íslensku sjónvarps- og fréttæfni. Birtur var textaður útdráttur úr fréttatíma árið 1980 sem þótti bót í máli en í ljós kom að textinn var heyrnarlausum of þungur til að nýttast sem

skyldi (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010). Þá þótti of flókið að bjóða upp á túlkun sjónvarpsefnis á táknmáli á lítilli skjámynd. Varð því úr að sér fréttatími fyrir heyrnarlausu var talin besta lausnin og seint þetta sama ár hófust útsendingar á táknmálsfréttum sem var mikill sigur fyrir samfélag heyrnarlausra (Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson, 1989). Árið 1999 vannst aftur sigur í baráttunni fyrir aðgengi að fréttaeefni í sjónvarpi þegar Félag heyrnarlausra fór fram á að framboðsumræður í sjónvarpsútsendingu Ríkisútvarpsins fyrir komandi Alþingiskosningar yrðu túlkaðar á táknmáli. Málið endaði fyrir Hæstarétti sem dæmdi Félagi heyrnarlausra í vil (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010). Með innsögum Tinnu táknmálsálfs í Stundinni okkar, sem hófust árið 2009, hafði heyrnarlaust fólk svo í fyrsta skipti aðgengi að barnaeefni á táknmáli, en innsögin voru talsett fyrir heyrandi börn („Tinna táknmálsálfur“, 2009).

Frumvarp til laga um textun á innlendu sjónvarpsefni hefur verið lagt fram á Alþingi þrisvar sinnum en aldrei verið afgreitt. Fyrst árið 2003, næst árið 2005 og síðast árið 2006. Í öllum tilfellum fór frumvarpið í atkvæðagreiðslu og var samþykkt en lengra fór það ekki. Árið 2004 kynnti Björgvin G. Sigurðsson fyrir Alþingi hversu illa Ísland stendur í lögum um textun í samanburði við nágrannalönd okkar. Þá benti hann einnig á að þörfin fyrir textun væri ekki eingöngu til komin vegna þeirra sem fæðast heyrnarlausir heldur einnig vegna þeirra sem missa heyrn síðar og þá sérstaklega á efri árum (Björgvin G. Sigurðsson, 2004; Þingskjal 517, 2005-2006.; Þingskjal 42, 2005-2006.; Þingskjal 30, 2006-2007).

Ári síðar hélt Magnús Þór Hafsteinsson, fyrrverandi fréttamaður, því fram að auðvelt væri að bæta úr textun í íslensku sjónvarpi og tók þar með undir orð Björgvins um slaka stöðu Íslands í samanburði við nágrannalönd okkar. Hann benti einnig á að um 10% þjóðarinnar búi við heyrnaskerðingu og sagði það ólíðandi að svo stór hópur fólks hefði ekki aðgang að sama sjónvarpsefni og aðrir vegna textaskorts (Magnús Þór Hafsteinsson, 2005).

Auk þess sem frumvarp um textun var lagt fram þrisvar var einnig lagt fram frumvarp til laga um fjölmiðla árið 2009 þar sem áhersla var lögð á textun á íslensku sjónvarpsefni sem hluta af samstarfsverkefni á milli Evrópusambandsins og evrópska efnahagssvæðisins, sjónvarp án landamæra. Að lokum var á alþingisárinu 2012 – 2013 lagt fram frumvarp til laga um Ríkisútvarp, fjölmiðil í almannabágu sem segir í 6. gr. að Ríkisútvarpið eigi að veita heyrnarskertum aðgang að fréttum og öðru sjónvarpsefni eftir þeim leiðum sem tæknilega eru mögulegar á hverjum tíma. (Þingskjal 1079, 2012-2013; Þingskjal 740, 2009-2010). Frumvarp þetta er enn óafgreitt. Í dag er boðið upp á textun á einhverju íslensku sjónvarpsefni í gegnum textavarp og hefur textun á innlendu efni á RÚV aukist mjög á síðustu tíu árum (RÚV, 2012). Texti hefur alla jafna ekki verið við fréttaeefni eða beinar útsendingar Ríkissjónvarpsins með stöku undantekninum þegar um fréttir sem

snúa að málefnum heyrnarlausra er að ræða (Kristinn Jón Bjarnason, 2011). Þó segir í lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 að fjölmiðlaveitur eigi að leitast við að gera efni aðgengilegt heyrnarskertum, meðal annars með texta. Þó eru dæmi um að fréttaskýringabátturinn Kastljós hafi verið endursýndur með texta (RÚV, 2013a).

Þrátt fyrir að texti sé nú í boði við eitthvert íslenskt sjónvarpsefni í gegnum textavarp uppfyllir hann ekki þau skilyrði sem flestir setja um textun á sjónvarpsefni ef marka má viðmælanda í rannsókn Valgerðar Stefánsdóttur (2005) sem segir textann vera slitróttan og eiga það til að detta út. Stundum komi erlendur og íslenskur texti á skjáinn á sama tíma auk þess sem textinn sé ekki miðaður að þörfum heyrnarlausra. Hann segir ekki til um hver talar og ekki kemur fram þegar umhverfishljóð eiga sér stað.

2.4 Lagalegur grunnur

Hér verður litið til þeirra laga og samninga sem snúa að aðgengi heyrnarlausra að almennu samfélagi með áherslu á aðgengi að fjölmiðlum og sjónvarpsefni sem beint er til almennings. Fyrst ber að nefna lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 en í 7. gr. þeirra laga segir að leitast eigi við að veita fötluðu fólki þjónustu samkvæmt almennum lögum og eiga því öll almenn lög við um heyrnarlaust fólk jafnt sem annað fólk. Þrátt fyrir það kveða lög gjarnan sérstaklega á um réttindi fatlaðs fólks í því skyni að þau komi skýrt fram.

Í lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 kemur fram í 30. gr. að fjölmiðlaveitur skuli leitast við að gera þjónustu sína aðgengilega heyrnarskertum, meðal annars með táknmáli eða texta. Einnig kemur fram í 29. gr. sömu laga að fjölmiðlaveitur eigi að efla íslenska tungu. Frá árinu 2011 hefur íslenskt táknmál verið viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra Íslendinga og má því ætla að þessi grein eigi einnig við um íslenskt táknmál. Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011 kemur fram í 13. gr. að íslenskt táknmál sé jafnrétt hátt íslensku.

Í lögum um Ríkisútvarpið nr. 122/2000 segir að Ríkisútvarpið skuli leggja rækt við íslenska tungu og menningararfleið. Vegna ákvæðis í 7. gr. í lögum um málefni fatlaðs fólks sem samþykkt var árið 2010 má gera ráð fyrir að þessi lög eigi við heyrnarlaust fólk jafnt sem annað og því hafi verið hlutverk Ríkisútvarps frá að minnsta kosti árinu 2010 að kynna menningu heyrnarlausra jafn sem annarra Íslendinga.

Í dag er gengið út frá því að lög taki mið af *Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* en samningurinn var undirritaður árið 2007 (Velferðarráðuneytið, 2010) og stendur til að lögleiða hann eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða nr. XIII í lögum um málefni fatlaðs fólks. Megintilgangur samningsins er að leggja sérstaka áherslu á mannréttindi fatlaðs fólks þar sem ítrekað hefur verið brotið á þeim í gegnum tíðina. Fatlað fólk er líkleggra en ófatlað til að vera undir fátæktarmörkum, til að verða fyrir

hverskonar ofbeldi og dánartíðni er hærrí hjá þessum hópi. Samningurinn gæti auðveldað fötluðu fólki aðgang að pólitísku umhverfi, breytt grunnhugmyndum og staðalímyndum um það og hvatt til þess að allt starf í þágu fatlaðs fólks sé unnið í samstarfi við það. Það ýtir undir þá hugmyndafræði að um réttindi og sanngirni sé að ræða frekar en góðgerðastarf og meðaumkun (Gerard Quinn, 2009).

Í *Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* segir í 9. gr. að aðildarþjóðir eigi að tryggja fötluðu fólki aðgengi til jafns við aðra að upplýsingum og samskiptum, þar með talið upplýsinga- og samskiptatækni, kerfi sem þar að lúta og þjónustu sem almenningi er látið í té. Í 21. gr. samningsins segir enn fremur að fatlað fólk eigi að geta nýtt rétt sinn til tjáningar og skoðanafrelsis, til dæmis með því að taka við og miðla upplýsingum til jafns við aðra, að upplýsingar sem almenningi eru láttnar í té eigi að vera á aðgengilegu formi með aðgengilegri tækni. Auk þess kemur fram að stuðla skuli að notkun táknmáls þegar opinber samskipti fara fram. Í 30. gr. samningsins segir að gera eigi viðeigandi ráðstafanir til að fatlað fólk hafi aðgang að sjónvarpsdagskrám, kvikmyndum, leikhúsi og öðru á sviði menningar. Auk þess segir að fatlað fólk eigi rétt á sérstakri menningarsamsemd, til dæmis með því að tungumál þess sé viðurkennt og njóti stuðnings, þar með talið táknmál og menning heyrnarlausra (*Sameinuðu þjóðirnar*, 2007).

Að lokum segir í 29. gr. að gera eigi fötluðu fólki kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórnámum og opinberu lífi auk þess sem 33. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 kveður á um að allir Íslendingar 18 ára og eldri hafi rétt til að kjósa. Í athugasemdum við 3. gr. frumvarps til laga um Ríkisútvarpið kemur fram að Hæstiréttur telji það óaðskiljanlegan hluta kosningaréttar að hafa möguleika á að kynna sér þau málefni sem kosið er um (Þingskjal 516, 2003-2004.; *Sameinuðu þjóðirnar*, 2007). Gerðar hafa verið tillögur að aðgerðum til fullgildingar samningsins sem eru meðal annars viðurkenning táknmáls og lögfesting textunar almenns sjónvarpsefnis (*Velferðarráðuneytið*, 2010).

Í tillögu til þingsályktunar sem lögð var fyrir Alþingi á árunum 2011-2012 er lögð áhersla á gott aðgengi fatlaðs fólks að samfélaginu. Felur það meðal annars í sér aðgengi að upplýsingum sem ætlaðar eru almenningi, til dæmis með textun eða túlkun. Tekið er fram að gert sé ráð fyrir að áætlun um úrbætur á þessu sviði liggi fyrir í lok árs 2013 (*Velferðarráðuneytið*, 2011-2012).

3 Framkvæmd og aðferðir

Í þessum kafla verða kynntar þær rannsóknaraðferðir sem notaðar voru við vinnslu þessarar rannsóknar. Kynntar verða meginlegar- og eigindlegar rannsóknaraðferðir, blandaðar rannsóknaraðferðir, spurningalistakönnun, innihaldsgreining, þátttökuathugun og símaviðtal. Í þessari rannsókn er notast við spurningalistakönnun sem aðalrannsóknaraðferð. Henni til stuðnings er einnig notast við þátttökuathugun, símaviðtal og innihaldsgreiningu.

3.1 Blandaðar rannsóknaraðferðir

Blandaðar rannsóknaraðferðir fela almennt í sér að gagna er aflað með bæði meginlegum og eigindlegum aðferðum. Meginlegar rannsóknaraðferðir byggja á tölum, mælingum og tilraunum. Niðurstöður meginlegra rannsókna eru oftast settar fram á tölfræðilegan hátt. Rökfræði á bak við meginlegar rannsóknir er almennt skýr, kerfisbundin og línuleg. Kosturinn við meginlegar rannsóknir er að þær er hægt að endurtaka og margprófa. Gallinn er að erfitt getur verið að hafa stjórn á öllum breytum í félagsvísindalegum rannsóknum (Neuman, 2011; Creswell, 2012).

Eigindlegar rannsóknir byggja hins vegar á því að hver og einn eigi sinn veruleika sem er byggður á skynjun hans. Þær eru framkvæmdar í náttúrulegu umhverfi rannsóknarefnis sem ekki er hægt að hafa stjórn á. Undir eigindlegar rannsóknir falla meðal annars viðtöl, vettvangsathuganir, myndbönd og fleira. Rökfræði á bak við eigindlegar rannsóknaraðferðir er sveigjanleg og ólínuleg. Kosturinn við eigindlegar rannsóknir er að með þeim er hægt að nema og fanga fínni blæbrigði mannlífsins. Eigindlegar rannsóknir henta betur til rannsókna á einstaklingum en meginlegar á hópum (Neuman, 2011).

Rannsakendur ákváðu að notast aðallega við spurningalistakönnun þar sem meginmarkmið þeirra var að komast að því hvort táknmálsfréttir séu notaðar í miklum mæli af heyrnarlausu fólki til upplýsingaöflunar og hversu mikil ánægja eða óánægja ríki meðal þeirra með ýmsa þætti fréttanna. Þar sem rannsóknir hafa sýnt að lesskilningur heyrnarlausra Íslendinga sé bágborinn (Anh-Dao Tran, Jóhanna Á. Þorvaldsdóttir og Kristjana M. Sigurðardóttir, 1993) vildu rannsakendur einnig afla sér upplýsinga með eigindlegum rannsóknaraðferðum. Takmörkun rannsakenda á því sviði var hinsvegar sú að þeir hafa ekki vald á táknmáli og urðu því að nýta sér tölvupóst til samskipta sem annars hefðu farið fram augliti til auglitis.

Styrkleiki blandaðra rannsóknaraðferða felst í að nýta kosti beggja rannsóknaraðferða. Allar aðferðir hafa sína kosti og galla og getur það vissulega verið

ókostur hversu mikil vinna getur falist í að nota báðar rannsóknaraðferðirnar og að rannsakandi viti ekki hver tilgangur stuðningsaðferðar er. Stuðningsaðferð er sú aðferð sem rannsakandi notar til að bæta við upplýsingum sem hann getur ekki fengið með aðalrannsóknaraðferð sinni (Creswell, 2012).

3.2 Spurningalistakönnun

Rannsakendur ákváðu að notast við spurningalistakönnun sem aðalaðferð við gagnaöflun og var könnunin send út með tölvupósti. Spurningalistakönnun telst til meginlegra rannsóknaraðferða og er algengasta leiðin til gagnaöflunar í rannsóknum innan félagsvísinda.

Tilgangur spurningalistakannana er að spyrja hóp fólks sömu spurninga og prófa þannig kenningar og mæla ákveðna hegðun, viðhorf, skoðanir, væntingar og vitneskju. Niðurstöður eru settar fram með lýsandi tölfræði. Að mörgu þarf að gæta við gerð spurningalistakannana svo þær skili rannsakanda áreiðanlegum og réttmætum gögnum. Þar skiptir meðal annars máli að spurningarnar séu skýrar og auðskiljanlegar og hannaðar með sjónarhorn svarendahópsins í huga (Neuman, 2011). Þar sem heyrnarlausir, menntunar sinnar vegna, búa yfir misgóðum lesskilningi (Anh-Dao Tran, Jóhanna Á. Þorvaldsdóttir, Kristjana M. Sigurðardóttir, 1993) þurftu rannsakendur að huga sérstaklega að þessu atriði við gerð spurninga.

Spurningalistakönnunin sjálf, sem og sú leið að leggja hana fyrir fólk í gegnum tölvupóst, hefur bæði kosti og galla í för með sér. Kostirnir eru þeir að hægt er að ná til fjölmenns hóps fólks í einu, óháð staðsetningu. Þá er aðferðin ódýr, býður upp á nafnleynd og er þægileg svarendum að því leyti að þeir geta svarað þegar þeim hentar best innan ákveðins tímaramma. Lágt hlutfall svara er stærsti galli spurningalistakannana sem lagðar eru fyrir í gegnum tölvupóst en þó er möguleiki á háu hlutfalli svörunar, sérstaklega ef markhópurinn er menntað fólk eða ef rannsakandinn eða rannsóknarefnið vekur sérstakan áhuga svarenda. Dæmi um aðra galla er að netföng fólks geta verið óvirk eða könnunin flokkast sjálfkrafa sem ruslpóstur og berst því ekki viðtakanda. Þá er ekki hægt að stjórna aðstæðum þar sem könnun er svarað og því ekki hægt að ganga úr skugga um að réttur aðili hafi svarað henni (Neuman, 2011).

Rannsakendur leituðu til *Félags heyrnarlausra* til að nálgast þátttakendur og óskuðu þar eftir þýðislista þar sem markhópur rannsóknarinnar er heyrnarlaust eða heyrnarskert fólk sem notast að einhverju eða öllu leyti við tákni til samskipta. Formaður félagsins tók að sér að senda könnunina til þeirra félagsmanna sem höfðu skráð netfang á svokölluðum póstlista félagsins þar sem ekki var heimilt að veita rannsakendum beint aðgengi að listanum. Könnunin var send út mánudaginn 18. febrúar. Viku síðar var send út

ítrekun og 4. mars var könnuninni lokað. Viðtakendur höfðu því samtals tvær vikur til þess að svara könnuninni. Ekki fengust nákvæmar tölur um viðtakendur en svarendur voru alls þrjátíu og sjö. Nánar má sjá upplýsingar um svarendur í töflu 1.

Tafla 1: Upplýsingar um svarendur

Kyn	Fjöldi
Karlar	19
Konur	18
Aldur	
18-25 ára	0
26-45 ára	14
46-67 ára	20
67 ára og eldri	0
Menntun	
Grunnskóli	8
Starfsnám	2
Iðnmenntun	8
Bóklegt framhaldsnám	4
Grunnnám á háskólastigi	10
Framhaldsnám á háskólastigi	1
Annað nám	2

Í ljósi sögu menntunar heyrnarlausra og rannsókna sem benda til þess að þeir búi yfir verri lesskilningi en heyrandi þótti rannsakendum áhugavert að sjá á hve breiðu aldursbili svarendur voru. Einnig þótti athyglisvert hve margir svarendur voru fæddir árið 1964. Við nánari athugun kom í ljós að yfir landið gekk faraldur rauðra hunda á árunum 1963 til 1964 (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010) en sjúkdómurinn getur meðal annars valdið heyrnarleysi eða -skerðingu í fóstrum mæðra sem smitast af honum (Embætti landlæknis, 2012).

3.3 Lýsandi tölfræði og úrvinnsla gagna

Lýsandi tölfræði er notuð til þess að lýsa niðurstöðum úr gögnum. Niðurstöðum er lýst með myndum og töflum ásamt texta sem segir til um hvað myndirnar og töflurnar sýna. Til þess að lýsa niðurstöðum nánar er oft notast við mælingar á miðsækni eins og til dæmis meðaltal, miðgildi eða tíðasta gildi. Þá er einnig notast við staðalfrávik og dreifitölur en staðalfrávik segja okkur hversu langt tölurnar eru frá meðaltali (Amalía Björnsdóttir, 2001). Það verður þó ekki gert í þessari rannsókn heldur verður niðurstöðum eingöngu lýst í máli og myndum og þær ræddar.

Við framkvæmd rannsóknarinnar var notað spurningkannakerfið K2 sem er hluti af innra tölvukerfi (Uglu) Háskóla Íslands. Um er að ræða einfalt og öruggt kerfi til að búa til og halda utan um spurningalistakannanir á netinu. Þegar þátttakendur hafa lokið við að svara könnuninni útbýr kerfið skrá sem hægt er að nota í forritum á borð við SPSS. Í þessu verkefni var SPSS forritið notað til að reikna út hlutföll og taka saman tíðni. Niðurstöður eru settar fram með lýsandi tölfræði. Útbúnar voru myndir til að lýsa niðurstöðum úr efnislegum spurningum.

3.4 Innihaldsgreining

Innihaldsgreining (e. *content analysis*) getur talist til bæði meginlegra- og eigindlegra rannsóknaraðferða en þar sem niðurstöður hennar eru hér settar fram á tölulegu formi flokkast hún til meginlegra aðferða í þessu tilviki. Innihaldsgreining er notuð þegar greina á ákveðnar upplýsingar sem geta verið á margskonar formi, til að mynda texti, hljóð, mynd eða annað. Rannsakandi notar kerfisbundna aðferð til að greina innihald þess efnis sem hann hyggst rannsaka og skráir á tölulegu formi. Innihaldsgreining er oft notuð þegar tilgangurinn er að leita eftir ákveðnum þemum í rannsóknarefni eða afhjúpa ákveðnar upplýsingar sem erfitt getur reynst að sjá með berum augum (Neuman, 2011).

Kostir innihaldsgreiningar eru að hún getur staðfest grun um að eitthvert ákveðið þema komi oft fram í ákveðnu efni. Til að mynda gæti einstaklingur haft á tilfinningunni að heyrnarlaust fólk noti fjölmiðla síður en aðrir minnihlutahópar, innihaldsgreining getur staðfest eða hrakið þann grun. Ókostirnir geta til dæmis verið að rannsakandi hafi of mikið magn upplýsinga í höndum sér. Einnig geta efni eða upplýsingar verið fjarlægð úr upprunalegri gagnaveitu, til dæmis ef um gögn af Internetinu er að ræða sem útilokar möguleikann á að leita þeirra síðar meir (Neuman, 2011). Í þessu verkefni er innihaldsgreining notuð til að greina og flokka táknmálsfréttir og bera þær saman við fréttir almenns fréttatíma.

3.5 Þátttökuathugun

Þátttökuathugun er eigindleg rannsóknaraðferð. Notast er við þátttökuathugun þegar rannsakandi vill læra, fylgjast með og skilja efnið sem hann rannsakar. Í þátttökuathugun fylgist rannsakandi með viðfangsefninu í sínu náttúrulega umhverfi og skráir upplifun sína af þeirri reynslu. Aðferðin er mikið notuð þegar menningarkimar eru viðfangsefni rannsakenda.

Gallar þátttökuathugunar eru að erfitt getur verið að alhæfa út frá niðurstöðum, rannsakanendur geta ekki stjórnað aðstæðum og þeir gætu misst af mikilvægum upplýsingum. Kostir aðferðarinnar eru að rannsakandi getur fengið raunverulegar og ítarlegar upplýsingar úr aðstæðum sem ekki er hægt að setja upp á rannsóknarstofu.

Á meðan á rannsókn stóð var rannsakendum boðið, af táknafréttamanni, að vera viðstaddir gerð eins táknafréttatíma og því var ekki um heimsókn að frumkvæði rannsakenda að ræða. Þáðu rannsakendur boðið í von um að fá nánari eða nýjar upplýsingar um efnið rannsókninni til stuðnings.

3.6 Símaviðtal

Símaviðtal getur bæði verið meginleg og eigindleg rannsóknaraðferð, eftir því hvernig hún er notuð. Í þessu tilfalli er hún eigindleg og spurningum aðeins beint til eins aðila. Símaviðtal er notað þegar erfitt er að ná saman hóp af einstaklingum á ákveðinn stað. Kostir þess að nota símaviðtal eru að svörin getur verið mjög góð. Kostnaður getur verið töluverður en er þó almennt lægri en í persónulegum viðtölum. Annar kostur er hversu fljótt símaviðtal gengur fyrir sig. Ókostir símaviðtala eru meðal annars að sviþbrigði skortir. Ef spurningar eru ekki nógu vel orðaðar geta þær misskilist og svörin verið röng. Sumar spurningar geta verið það flóknar að betra er að spyrja þeirra augliti til auglitis (Creswell, 2012; Judd, Smith og Kidder, 1991).


Í þessu tilfalli er í raun um tölvupóstskipti við heyrnarlausan táknafréttamann að ræða sem nýtt er sem símaviðtal. Rannsakendur höfðu ekki aðgang að túlk í þátttökuathugun og höfðu því naumast tækifæri til að spyrja spurninga sem kröfðust langra eða ítarlegra svara. Því var notast við tölvupóstskipti til að fá nánari upplýsingar um það sem gerðist í þátttökuathugun.

4 Niðurstöður

Hér verður greint frá áhorfi svarenda á tákn málsfréttir og ánægju með ýmsa þætti er snúa að eðli tákn málsfréttu og gæðum. Einnig verður sagt frá vilja svarenda til að láta texta eða túlka almennar sjónvarpsfréttir á RÚV og fréttaskýringapáttinn Kastljós. Í könnuninni var svarendum gefinn kostur á að bæta við frekari athugasemdum um tákn málsfréttir og aðgengi heyrnarlausra að íslensku sjónvarpsefni og verða þær kynntar.


4.1 Áhorf og ánægja

Fyrst var spurt um tíðni áhorfs á tákn málsfréttir. Tæplega þriðjungur svarenda (31,4%) sögðust horfa sjaldan eða aldrei á tákn málsfréttir. Jafnmargir (31,4%) sögðust stundum horfa á tákn málsfréttir og sami fjöldi (31,4%) sagðist horfa oft. Fæstir svarenda (5,7%) horfðu alltaf á tákn málsfréttir. Þetta má sjá á mynd 1.



Mynd 1: Tíðni áhorfs á tákn málsfréttir

Í athugun félagsmálaráðuneytisins frá árinu 2004 kom fram að 68% svarenda sögðust horfa daglega eða nokkrum sinnum í viku á tákn málsfréttir. Í þessari rannsókn er hlutfall svarenda sem sagðist horfa oft eða alltaf á tákn málsfréttir talsvert lægra, eða 37,1%. Mynd 2 sýnir ánægju svarenda með lengd tákn málsfréttu. Fæstir svarenda sögðust mjög ánægðir með lengd tákn málsfréttu (8,3%) en 19,4% voru frekar ánægðir. Fjórðungur svarenda (25%) tók ekki afstöðu til spurningarinnar. Jafnmargir (25%) sögðust frekar óánægðir og 22,2% voru mjög óánægðir.




Mynd 2: Ánægja með lengd táknafréttanna

Það kom rannsakendum á óvart að rúmlega fjórðungur svarenda (27,7%) sagðist frekar eða mjög ánægður með lengd táknafréttanna og eins hve margir tóku ekki afstöðu til spurningarinnar miðað við hversu stuttur fréttatíminn er samanborinn við almennan fréttatíma. Ekki er þó hægt að líta framhjá því að tæpur helmingur svarenda (47,2%) sagðist mjög eða frekar óánægður með lengd táknafréttanna.

Ekki var spurt um ánægju með á hvaða tíma dags táknafréttir eru sýndar en tveir svarendur gerðu athugasemd við tímasetningu þeirra og vildu hafa þær nær almennum fréttum í tíma, eða eins og annar þeirra sagði: „Ég vil fá meiri fréttir, betri tíma en ekki hafa þær kl 18:15, helst hafa þær rétt áður en aðalfréttir byrja.“ Þá sögðust tveir svarendur einnig vilja bæta táknafréttatíma við á laugardögum. Haukur Vilhjálmsson, táknafréttamaður, tók í sama streng: „Við viljum fá fréttaskýringabátt einu sinni í viku, á laugardögum eða sunnudögum eins og gert er víða á Norðurlöndum“ (Símtal, 5. mars 2013).


Mynd 3 sýnir svör við spurningu um ánægju með að ekkert myndefni sé í táknafréttum. Tæplega 70% (69,5%) svarenda voru frekar eða mjög óánægðir en 27,8% tók ekki afstöðu til spurningarinnar. Fáir (2,8%) sögðust frekar ánægðir en enginn svarandi sagðist mjög ánægður með að ekkert myndefni væri í táknafréttum.



Mynd 3: Ánægja með skort á myndefni í tákn málsfréttum


Óánægja er með skort myndefnis í tákn málsfréttum, enginn svarandi sagðist mjög ánægður með þann þátt. Nokkrir svarendur höfðu orð á þessu í athugasemdum og nefndu meðal annars að gott væri að hafa myndir tengdar fréttunum í bakgrunni. Haukur Vilhjálmsson lýsti einnig yfir óánægju með skort myndefnis og bætti við „[...] öll tækni er til staðar en tæknimaður eða fjárhagur RÚV gefur ekki leyfi“ (Símaviðtal, 5.mars 2013).

Spurt var um ánægju með magn upplýsinga sem fram kemur í tákn málsfréttum. Svarendur sem sögðust frekar eða mjög óánægðir voru 37,2% en 28,6% svarenda voru hvorki ánægðir né óánægðir með magn upplýsinga. Frekar eða mjög ánægðir svarendur voru 34,3% (sjá mynd 4)



Mynd 4: Ánægja með magn upplýsinga í tákn málsfréttum

Þá var spurt um ánægju með yfirgrip táknmálsfrétta. Flestir (35,3%) tóku ekki afstöðu til spurningarinnar. Fleiri voru frekar eða mjög óánægðir (35,3%) með yfirgrip táknmálsfrétta en þeir sem voru frekar eða mjög ánægðir (29,4%). Þetta má sjá nánar í mynd 5.




Mynd 5: Ánægja með yfirgrip táknmálsfrétta

Höfundum þykir áhugavert hversu margir tóku ekki afstöðu til magns upplýsinga og yfirgríps táknmálsfrétta miðað við hversu margir tóku afstöðu til spurningar um ánægju með skort myndefnis.

4.2 Texti eða túlkun

Spurt var hvort vilji væri fyrir því að hafa táknmáls túlk eða texta við almennar sjónvarpsfréttir í stað táknmálsfrétta. Meiri hluti svarenda (77,7%) svaraði því játandi, þar af vildu 11,1 % láta túlka almennar fréttir, 33,3% vildu láta texta fréttirnar en 33,3% svarenda sögðust vildu annað hvort textun eða túlkun. Þeir sem svöruðu neitandi og vildu halda táknmálsfréttum voru 22,2% svarenda (sjá mynd 6).



Mynd 6: Vilji til að láta texta eða túlka almennan fréttatíma í stað táknmálsfrétta

Í ljósi áður nefndra rannsóknarniðurstaðna um slakan lesskilning heyrnarlausra og að texti sem gerður var við almennar fréttir árið 1980 hafi þótt of flókinn heyrnarlausum til að þjóna tilgangi sínum (Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson, 1989), þótti rannsakendum áhugavert að af þeim sem svöruðu spurningunni játandi vildu fleiri hafa texta við fréttirnar heldur en að láta túlka þær. Gæti þetta bent til þess að lesskilningur heyrnarlausra hafi aukist frá árinu 1980. Einnig er líklegt að þeir sem taka þátt í könnun sem þessari hafi nokkuð góðan lesskilning og gefi þar af leiðandi ekki eins skýra mynd og fyrri rannsóknir.

Flestir svarenda vilja láta texta eða túlka almennar fréttir í stað táknmálsfrétta. Einn svarenda sagði í athugasemdum að táknmálsfréttir væru úreltar:

Táknmálsfréttir eru barn síns tíma. Nú til dags eru heyrnarlausir að langmestu leyti vel læsir á íslenskt mál og texti á fréttir myndi ná til svo miklu stærri hóps en táknmálsfréttir gera. Ætti að vera baráttumál heyrnarlausra og -skertra nr. 1, 2 og 3 að fá texta á fréttir og fréttapætti.


Það vekur athygli að hann var meðal yngstu svarenda og því má ætla að hann hafi ekki sömu reynslu og eldri svarendur af hamlandi kennsluaðferðum fyrri tíðar.

Tveir svarendur bentu á að best væri að halda táknmálsfréttum ásamt því að texta almennar fréttir, eða eins og annar þeirra sagði: „Mikilvægt að halda táknmálsfréttum plús texta vegna þess að stór hópur hefur lítinn lesskilning.“ Af sömu ástæðu sagðist Haukur Vilhjálmsson vona að táknmálsfréttir yrðu ekki teknar af dagskrá þótt almennar

fréttir yrðu textaðar (Símaviðtal, 5.mars 2013). Ekki var boðið upp á þann valkost að hafa bæði táknálmálsfréttir og túlkun eða texta við almennar fréttir í svári við spurningunni svo óvíst er hversu margir hefðu valið þann kost í staðinn fyrir að velja að sleppa táknálmálsfréttum.

Einn svarenda lýsti óánægju sinni með þá textun sem boðið er upp á í dag í gegnum textavarp: „Textavarpíð er mjög lítið notað og ef það er notað er það hræðileg þýðing og margir stafir og orð sem detta út og jafnvel nokkrar heilar setningar“.

Mynd 7 sýnir vilja svarenda til þess að hafa táknálmálsstúlk eða texta við fréttaskýringapáttinn Kastljós. Allir svarendur svöruðu spurningunni játandi. Helmingur svarenda (50%) sagðist annað hvort vilja túlk eða texta við Kastljós. Svarendur sem sögðust vilja fá texta við Kastljós voru fleiri (41,7%) en þeir sem sögðust vilja táknálmálsstúlk (8,3%).




Mynd 7: Vilji til að láta texta eða túlka Kastljós

Eins og sjá má er vilji svaranda til textunar eða túlkunar á Kastljósi algjör og margir svarendur sögðust vilja fá texta við meira eða allt íslenskt sjónvarpsefni og á fleiri sjónvarpsstöðvum heldur en RÚV. Í athugasemdum um aðgengi að íslensku sjónvarpsefni benti einn svarenda á að aðgengi að sjónvarpsefni væri hluti af aðgengi að samfélaginu.

4.3 Samanburður táknálmálsfrétta og almennra frétta


Rannsakendur fengu afrit af táknálmálsfréttatíma RÚV frá 28. febrúar 2013. Þeir horfðu á og flokkuðu almennar kvöldfréttir RÚV frá sama degi í þeim tilgangi að bera fréttatímana saman og fá þannig skýrari mynd af gæðum táknálmálsfrétta. Sérstaklega var horft til magns frétta (sjá mynd 8), yfirgríps og innihalds (sjá mynd 9). Almennur kvöldfréttatími

RÚV er kl. 19:00 – 19:30 og táknaálsfréttir RÚV voru kl. 18:20-18:30 þann dag sem rannsakendur gerðu samanburð en þær eru þó oftast sýndar kl. 18:15- 18:25. Fréttaflutningurinn sjálfur má mest standa yfir í átta mínútur (Haukur Vilhjálmsson símaviðtal, 5.mars 2013).



Mynd 8: Magn fréttanna í almennum fréttum og táknaálsfréttum

Fréttir í almennum fréttatímum voru fjórtán talsins og sex í táknaálsfréttum. Þrjár fréttir komu bæði fram í almennum- og táknaálsfréttum. Þrjár fréttir voru í táknaálsfréttum sem ekki voru í almennum fréttum. Í almennum fréttatímum voru fimm fréttir flokkaðar sem helstu fréttir, ein þeirra kom fram í táknaálsfréttum.



Mynd 9: Yfirlit og innihald almennra fréttanna og táknaálsfréttanna

Eins og sjá má á mynd 9 voru fréttir úr sex flokkum í almennum fréttum en í táknmálsfréttum aðeins þremur. Í táknmálsfréttum voru engar fréttir af dægurmálum, hvorki innlendar né erlendar. Samkvæmt símtali við Hauk Vilhjálmsson, táknmálsfréttamann, eru ekki sérstök viðmið eða reglur um yfirgrip táknmálsfrétta en reynt er að hafa jafnvægi milli magns innlendra og erlendra fréttanna. Hann segir þó að táknmálsfréttamenn séu „[...] meðvitaðir um að flytja ekki fréttir af söng-, leik-, eða annari list nema um stórfréttir sé að ræða eins og andlát Michael Jackson.“ Það sama gildir um íþróttaréttir, einungis er greint frá stórvíðburðum á sviði íþróttanna (Haukur Vilhjálmsson símaviðtal, 5.mars 2013).

Í táknmálsfréttum situr fréttamaður fyrir framan auðan bakgrunn og segir fréttir. Þar skortir því marga sem er í almennum fréttatíma. Táknmálsfréttir bjóða hvorki upp á sérstakar íþróttaréttir né heldur veðurfréttir. Í almennum fréttum eru sýnd fréttatengd viðtöl og svipmyndir sem ekki er gert í táknmálsfréttatíma. Í almenna fréttatímanum var tekið fram að fjallað yrði nánar um eina frétt í Kastljósi síðar um kvöldið. Kastljós er ekki textað og því ekki aðgengilegt heyrnarlausu fólki sem þar með missir af dýpri umfjöllun um einstök mál.

5 Samantekt og umræður

Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að meirihluti heyrnarlausra vilji fá texta við almennan fréttatíma í stað táknmálsfrétta. Niðurstöður benda þó einnig til þess að táknmálsfréttir séu enn ómissandi fyrir þann hóp heyrnarlausra sem hefur lítinn lesskilning og getur ekki stuðst eingöngu við texta. Slakur lesskilningur heyrnarlausra hlýtur einnig að vera áfelligsdómur yfir þeim stefnum og straumum sem hafa verið ríkjandi í menntun þeirra í gegnum tíðina eins og talmálsstefnuna.

Aldursdreifing svarenda kom höfundum nokkuð á óvart þar sem þeir bjuggust frekar við svörun frá yngri kynslóðum í ljósi menntunarsögu heyrnarlausra. Yngsti svarandi var 29 ára og sá elsti 61 árs og dreifðist aldurinn nokkuð jafnt þar á milli fyrir utan að áberandi margir svarendur voru 49 ára. Eins og áður sagði gekk faraldur rauðra hunda yfir landið á árunum 1963 – 1964 (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010) en sjúkdómurinn getur valdið heyrnarleysi í fóstrum smitaðra mæðra (Embætti landlæknis, 2012). Hlýtur þetta að skýra fjölda svarenda fæddan á þessu árabili að miklu leyti.

Við gagnaöflun var höfundum bent á, af fleiri en einum aðila sem tengist samfélagi heyrnarlausra, að líklegt væri að aðeins þeir sem hefðu framhalds- eða háskólamenntun myndu svara könnuninni, aðrir hefðu of lítinn lesskilning til að svara könnun gegnum tölvupóst. Svarendur reyndust þó hafa víðan menntunargrunn og voru 22,9% þeirra eingöngu með grunnskólapróf. Hér vakna spurningar um hvort ákveðinn hópur heyrnarlausra hafi verið útilokaður frá þátttöku í rannsóknum og könnunum sem þessari á þeim grunni að ekki væri búist við að þeir gætu svarað. Mikilvægt er að tryggja aðgengi sem flestra að þátttöku í rannsóknum svo að fjölbreyttar raddir og skoðanir fái að koma fram.

Þegar niðurstöður um áhorf á táknmálsfréttir eru bornar saman við niðurstöður könnunar félagsmálaráðuneytisins á félagslegri stöðu heyrnarlausra frá árinu 2004, má sjá að áhorf á táknmálsfréttir virðist hafa dregist saman. Má velta fyrir sér af hverju þessi samdráttur stafi, hvort lesskilningur heyrnarlausra hafi aukist á þessum tæpu tíu árum sem liðu á milli rannsókna, og þar með notkun þeirra á netmiðlum, og hvort tilkoma Döff fréttar Táknsmiðjunnar hafi áhrif. Þá vakti sérstaka athygli höfunda hversu fáir tóku afstöðu til yfirgrips táknmálsfrétta og magns upplýsinga sem þar kemur fram og væri áhugavert að skoða nánar hvaða ástæður liggja þar að baki. Gott væri að athuga hvaða leiðir væru mögulegar til að ná fram skoðunum fleiri einstaklinga hvað þennan þátt varðar.

Athugasemdir svarenda benda til óánægju með þá textun sem boðið er upp á í dag í gegnum textavarp. Slík óánægja kom einnig fram í rannsókn Valgerðar Stefánsdóttur á málsamfélagi heyrnarlausra (2005). Það mætti því velja fyrir sér hvort tímabært sé að skipta út þeirri tækni sem notuð er til textaútsendingar.

Höfundum þótti athyglisvert að dæmi séu um að fréttir sem snúa að málefnum heyrnarlausra hafi verið textaðar í almennum fréttum (Kristinn Jón Bjarnason, 2011). Mætti túlka það sem svo að mikilvægara þyki að þær fréttir næðu til heyrnarlausra heldur en almennar fréttir sem snerta samfélagið í heild eins og fréttir af stjórnmálum. Heyrnarlaust fólk hlýtur að fara á mis við stóran hluta stjórn málaumræðna, til dæmis vegna skorts á aðgengi að fréttaskýringabættinum Kastljósi, en allir svarendur spurningalistakönnunarinnar sögðust vilja aðgengi að Kastljósi með túlkun eða texta. Benti einn svarenda á að aðgengi að sjónvarpsefni snerist um aðgengi að samfélaginu og því má segja að skortur á túlkun eða texta við fréttaskýringabætti hafi heftandi áhrif á samfélagsaðgengi og -þátttöku. Margir viðmælenda í rannsókn Valgerðar Stefánsdóttur (2005) sögðu aðgengi heyrnarlausra að upplýsingum um stjórn mál og stjórn málaumræðu vera ábótavant. Þeir upplifðu að þeir stæðu fyrir utan pólitískt samfélag og hefðu þar af leiðandi ekki nægar forsendur til að taka upplýstar lýðræðislegar ákvarðanir (Valgerður Stefánsdóttir, 2005). Bætt aðgengi heyrnarlausra að almennum fréttum og fréttaskýringabáttum á borð við Kastljós gæti greitt fyrir samfélagsþátttöku heyrnarlausra, til dæmis á vettvangi stjórn mála.

Ljóst er að mikill sigur vannst í réttindabaráttu heyrnarlausra með viðurkenningu á táknmáli sem móðurmáli þeirra árið 2010. Viðurkenningin er hluti af því ferli að uppfylla ákvæði *Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* eins og tillögur nefndar að aðgerðum til fullgildingar samningsins kveða á um (velferðarráðuneytið, 2010). Haustið 2012 var lagt fram frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, þar sem segir meðal annars að Ríkisútvarpið eigi að veita heyrnarlausum aðgang að fréttum og öðru sjónvarpsefni með tiltækum leiðum (Þingskjal 1079, 2012-2013). Má því segja að framfarir hafi orðið í málefnum heyrnarlausra með undirritun samnings Sameinuðu þjóðanna og verður áhugavert að fylgjast með frekari þróun og þeim áhrifum sem viðurkenning táknmálsins kann að hafa í för með sér.

Á meðan á vinnslu verkefnisins stóð, eftir úrvinnslu spurningalistakönnunar, var ákveðið að byrja að texta almennan fréttatíma Ríkisútvarpsins. Þessi ákvörðun var tekin í kjölfar nýrra laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu nr. 23/2013 sem tóku gildi þann 13. mars 2013 en samkvæmt 6. gr. ber Ríkisútvarpinu að veita heyrnarskertum aðgang að þjónustu sinni, meðal annars með textun á fréttum og öðru sjónvarpsefni. Í fréttatilkynningu sem Ríkisútvarpið sendi frá sér þann 13. mars 2013, sama dag og

áðurnefnd lög voru samþykkt, var greint frá því að textun á aðalfréttatíma Ríkisútvarpsins hæfist þann sama dag. Textunin færi fram í gegnum textavarp og fyrst um sinn yrði eingöngu aðalfréttatími Ríkisútvarpsins textaður. Síðar yrði textun einnig í boði við aðra fréttatíma, fréttatengda þætti og beinar útsendingar (RÚV, 2013-a). Tekið er fram í annarri fréttatilkynningu sama efnis að RÚV hafi verið gagnrýnt fyrir að standa illa að textun og lengi hafi staðið til að bæta úr því með textun alls fréttaefnis (RÚV, 2013-b).

Þegar birtur var textaður útdráttur úr fréttatíma árið 1980 sýndu kannanir að textinn nýttist heyrnarlausum ekki sem skyldi, hann væri mörgum of flókinn. Þætti höfundum áhugavert að sjá niðurstöður kannana sama efnis í dag, hve stórum hóp heyrnarlausra textun sjónvarpsfréttatíma gagnast. Einnig væri áhugavert að kanna hvort textunin gagnast öðrum hópum þjóðfélagsins, svo sem öldruðum, fólki með væga heyrnarskerðingu og innflytjendum.

Þessi ritgerð er lokaverkefni í þroskaþjálfarafræðum. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfara og skilyrði til að hljóta starfsleyfi nr. 1120/2012 ber þroskaþjálfara meðal annars að þekkja lög og reglugerðir um málefni fatlaðs fólks, stuðla að auknum lífsgæðum þess og þátttöku í samfélaginu til jafns við aðra. Á starfsvettvangi þroskaþjálfara eru fjölbreyttir hópar fólks, þar á meðal heyrnarlausir. Þroskaþjálfar þurfa því að vera meðvitaðir um að heyrnarlausir eru ekki einsleitir hópur þegar kemur að þjónustubörf og því er misjafnt hvaða upplýsingaform hentar hverjum og einum. Þetta þarf einnig að hafa í huga þegar kemur að því að miðla fréttum til heyrnarlausra en aðgengi að fréttaeftni getur verið forsenda virkrar samfélagsþátttöku.

6 Heimildir

- Amalía Björnsdóttir. (2001). Útskýringar á helstu tölfræðihugtökum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Aðferðafræði rannsókna í heilbrigðisvísindum* (bls. 56-66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Anh DaoTran, Jóhanna Á. Þorvaldsdóttir og Kristjana M. Sigurðardóttir. (1993). Rannsókn á lesskilningi heyrnarlausra barna og unglunga á Íslandi. *Ný menntamál* 11 (2), 32-35.
- Árný Guðmundsdóttir. (2012). *Hvað gerir góðan táknmálstúlk?* *Sjónarhorn döfff notenda og starfandi túlka*. Óbirt meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Björgvin G. Sigurðsson. (2004). 131. löggjafarþing – 19. fundur. *Textun*. Sótt 5. apríl 2013 af <http://www.althingi.is/altext/raeda/131/rad20041104T155015.html>
- Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson. (1989). *Heyrnarlausir á Íslandi: Sögulegt yfirlit*. Reykjavík: Félag heyrnalausra í samvinnu við Fjölsýn Forlag.
- Creswell, John W. (2012). *Educating Research: Planning, conducting, and evaluating quantitative and qualitative research*. Útgáfustaður: University of Nebraska – Lincoln.
- Dómur Hæstaréttar í máli Félags heyrnalausra gegn Ríkisútvarpinu nr. 151/1999.*
- Embætti landlæknis. (2012). *MMR bólusetning veldur ekki einhverfu*. Sótt 6. apríl 2013 af <http://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/bolusetningar/aukaverkanir-bolusetninga/mmr-bolusetning/>
- Gerard Quinn. (2009). The United Nations Convention on the Rights of Persons with Disabilities: Toward a New International Politics of Disability. *Texas Journal on Civil Liberties & Civil Rigts*, 15(1), 33-57.
- Guðbjörg Ragnarsdóttir. (2009). *Stundum er gott að hlusta: rannsókn á hugmyndum og skoðunum heyrnalausra um „blöndun“ heyrandi og heyrnalausra í skólum*. Óbirt meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.
- Guðmundur Ævar Oddsson og Hekla Gunnarsdóttir. (2004). *Könnun á félagslegri stöðu heyrnalausra*. Akureyri: Félagsmálaráðuneytið.
- Hlíðaskóli. (2010). *Um táknmálið*. Sótt 2. apríl 2013 af <http://www.hlidaskoli.is/index.php/taknmalssvie/almennar-upplýsingar>

- Ingibjörg H. Harðardóttir og Jóhanna Karlsdóttir. (2005). *Um líðan, nám og kennslu heyrnarlausra og heyrnarskertra nemenda í Hlíðaskóla*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Judd, Charles M., Smith, Eliot R. og Kidder, Louise H. (1991). *Research Methods in Social Relations*. Fort Worth. Harcourt Brace Jovanovich Collage Publishers.
- Karen Rut Gísladóttir. (2011). "I am Deaf, not illiterate": A hearing teacher's ideological journey into the literacy practices of children who are deaf. Óbirt doktorsritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.
- Kristinn Jón Bjarnason (2011). Íslenskt táknmál loksins viðurkennt á Íslandi. *Döff blaðið*, 12(2). Sótt 1. apríl 2013 af <http://aladinrc.wrlc.org/bitstream/handle/1961/11536/2011%2012.pdf?sequence=1>
- Kristinn Jón Bjarnason. (2010). *Heyrnarlausir innflytjendur á Íslandi*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Kristín Marja Baldursdóttir. (1995). *Þegar táknin tala*. Sótt 27. mars 2013 af http://www.mbl.is/greinasafn/grein/182547/?item_num=39&dags=1995-03-12
- Lög um fjölmiðla* nr. 38/2011.
- Lög um framhaldsskóla* nr. 57/1988.
- Lög um framhaldsskóla* nr. 80/1996.
- Lög um fræðslu barna* nr. 59/1907.
- Lög um málefni fatlaðs fólks* nr. 59/1992.
- Lög um Ríkisútvarp* nr. 122/2000.
- Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu* nr. 23/2013.
- Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls* nr. 61/2011.
- Magnús Þór Hafsteinsson. (2005). *132. löggjafarþing – 21. fundur. Textun*. Sótt 5. apríl 2013 af <http://www.althingi.is/altext/raeda/132/rad20051115T180743.html>
- Neuman, W. Lawrence (2011). *Social Research Methods: Qualitative and quantitative approaches*. Útgáfustaður: University of Wisconsin at Whitewater.
- Rannveig Sverrisdóttir. (2000). *Signing simultaneous events: The expression of simultaneity in children's and adults' narratives in Icelandic Sign Language*. Óbirt meistaraþrifsritgerð: Köbenhavns Universitet.

- Rannveig Traustadóttir (2003). *Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfra og skilyrði til að hljóta starfsleyfi* nr. 1120/2012.
- Reynir Berg Þorvaldsson. (2010). *Saga heyrnarlausra á Íslandi*. Reykjavík: Félag heyrnarlausra.
- Róbert R. Spanó, Jón Friðrik Sigurðsson, Ragnhildur Bjarnadóttir og Sigrún Júlíusdóttir. (2009). *Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: Áfangaskýrsla nr. 1*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- Ruv.is. (2013a). *Vefvarp; Kastljós – Karl Vignir Þorsteinsson*. Sótt 5. apríl af <http://www.ruv.is/sarpurinn/kastljós-kiarl-vignir-thorsteinsson/08012013>
- RÚV. (2012). *248 klukkustundir af efni textaðar*. Sótt 2. apríl 2013 af <http://www.ruv.is/frett/248-klukkustundir-af-efni-textadar>
- RÚV. (2013b). *Fréttir textaðar og talgervlar virkjaðir*. Sótt 28. apríl 2013 af <http://www.ruv.is/frett/frettir-textadar-og-talgervlar-virkjadir>
- RÚV. (2013c). *Sjónvarpsfréttir verða með texta*. Sótt 28. apríl 2013 af http://www.ruv.is/frett/sjonvarpsfrettir-verda-med-texta?fb_action_ids=4846573596371&fb_action_types=og.likes&fb_source=other_multiline&action_object_map=%7B%224846573596371%22%3A599769843385643%7D&action_type_map=%7B%224846573596371%22%3A%22og.likes%22%7D&action_ref_map=%5B%5D
- Sameinuðu þjóðirnar. (2007). *Réttindi fatlaðs fólks*. [Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneyti þýddi]. Sótt 2. apríl 2013 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/10062009SamningurUmRettindiFatladsFolks.pdf>
- Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. (e.d.) *Um SHH*. Sótt 24. apríl 2013 af <http://shh.is/Default.asp?page=8>
- Sigurlín Margrét Sigurðardóttir. (2004). *Upplýsingasamfélagið og heyrnarlausir*. *Tímarit Öryrkjabandalagsins*. 2004(1) Sótt 28. mars 2013 af [http://www.obi.is/media/utgafa/timarit/Timarit_OBI_59_vefur\(3MB\).pdf](http://www.obi.is/media/utgafa/timarit/Timarit_OBI_59_vefur(3MB).pdf)
- Tinna Tákn málsálfur í loftið. (2009, október). *Fréttablaðið*, bls. 16.
- Umboðsmaður barna. (1997). *Skýrsla umboðsmanns barna fyrir árið 1996*. Reykjavík: Umboðsmaður barna.

- Valgerður Stefánsdóttir. (2005). *Málsamfélag heyrnarlausra: Um samskipti á milli táknumálastalandi og íslenskutalandi fólks*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Velferðarráðuneytið. (2010). *Tillögur nefndar um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*. Sótt 23. apríl 2013 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/utgafa2010/Nefnd_um-samning_um_fatlada12032010.pdf
- Velferðarráðuneytið. (2011-2012). *Tillaga til þingályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014*. Sótt 2. apríl 2013 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/npa/Thingsalyktunartillaga-um-framkvaemdaaetlun-i-malefnum-fatlads-folks.pdf>
- WHO. (2013). *Grades of hearing impairment*. Sótt 24. apríl 2013 af http://www.who.int/pbd/deafness/hearing_impairment_grades/en/
- Þingskjal 1079. (2012-2013). *Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið*. [Vefútgáfa Alþingistíðinda] Sótt 5. apríl 2013 af <http://www.althingi.is/altext/141/s/pdf/1079.pdf>
- Þingskjal 12. (2007-2008). *Frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra*. [Vefútgáfa Alþingistíðinda] Sótt 1. apríl 2013 af <http://www.althingi.is/altext/135/s/0012.html>
- Þingskjal 30. (2006-2007). *Frumvarp til laga um textun*. [Vefútgáfa Alþingistíðinda] Sótt 5. apríl 2013 af <http://www.althingi.is/altext/133/s/0030.html>
- Þingskjal 42. (2005-2006). *Frumvarp til laga um textun*. [Vefútgáfa Alþingistíðinda] Sótt 5. apríl 2013 af <http://www.althingi.is/altext/132/s/0042.html>
- Þingskjal 499. (2003-2004). *Frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra*. [Sótt 1. apríl 2013 af <http://www.althingi.is/altext/130/s/0499.html>
- Þingskjal 516. (2003-2004). *Frumvarp til laga um textun*. [Vefútgáfa Alþingistíðinda] Sótt 5. apríl 2013 af <http://www.althingi.is/altext/130/s/0516.html>
- Þingskjal 517. (2005-2006). *Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf*. [Vefútgáfa Alþingistíðinda]. Sótt 2. apríl 2013 af <http://www.althingi.is/altext/132/s/0517.html>
- Þingskjal 574. (1996-1997). *Tillaga til þingsályktunar um íslenska táknmálið sem móðurmál heyrnarlausra*. Sótt 1. apríl 2013 af <http://www.althingi.is/altext/121/s/0574.html>

Þingskjal 740. (2009-2010). *Frumvarp til laga um fjölmiðla*. [Vefútgáfa Alþingistíðinda]

Sótt 5. apríl 2013 af <http://www.althingi.is/altext/138/s/0740.html>

Þingskjal 870. (2010-2011). *Frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslenska*

táknmálsins. [Vefútgáfa Alþingistíðinda] Sótt 1. apríl 2013 af

<http://www.althingi.is/altext/139/s/0870.html>

Þorsteinn Sigurðsson. (1993). *Þættir úr sögu sérkennslunnar*. Reykjavík: Þórsútgáfan.